

Til Fjárlaganefnd Alþingis

21. október 2024

Athugasemd Þríprautarsambandsins:

Guðlaug Edda Hannesdóttir keppti fyrir Íslands hönd í þrípraut á Ólympíuleikunum í París og var þar með fyrsti Íslendingurinn sem keppir í þrípraut fyrir Ísland. Þátttaka hennar á leikunum var Þríprautarsambandinu kostnaðarsöm þar hún þurfti að keppa mikið erlendis til að tryggja sætið á leikunum en einnig fór hún erlendis í æfingabúðir auk þess sem að hún þurfti að gangast undir kostnaðarsama aðgerð í aðdraganda leika. Af þessum orsökum er fjárhags staða sambandsins mjög erfið. Erfitt reyndist fyrir lítið sérsamband eins og Þríprautarsambandið að sækja fjármagn til atvinnulífsins. Afreks íþróttafólk eins og Guðlaug Edda eru fyrirmyndir fyrir ungt íþróttafólk sem langar að ná langt í íþróttum. Því miður gæti Þríprautarsambandið vegna fjárskorts ekki endurtekið þennan stuðning fyrir okkar afreksíþróttafólk á næstum árum.

Afreksstarf í íþróttum á Íslandi, til framtíðar

Unnið hefur verið að bættri umgjörð afreksíþróttar á Íslandi í tvö ár og gríðarmikið starf liggur að baki þeirrar vinnu. Starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis var skipaður í janúar 2023 um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks og skilaði hópurinn skýrslu í apríl 2024 þar sem staðan í málaflokkinum var skýrð og margar tillögur voru settar fram um aðgerðir til að efla og styrkja afreksíþróttastarfið í landinu. Miklar væntingar eru af hálfu íþróttahreyfingarinnar um framgang þessara tillagna enda um umbyltingu að ræða í umgjörð afreksíþróttafólks á Íslandi. Markmiðið með þessari vinnu er að gera umgjörð um íslenskt afreksíþróttafólk sem næst sambærilega við það sem er hjá þjóðum sem viðberum okkur helst saman við. Tillögurnar fela meðal annars í sér:

☑ Stofnun Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands. Mikilvægt hlutverk hennar er að styrkja sérsambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttapjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Þar mun starfa öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá átta ólíkum fagsviðum íþróttar.

☑ Hækkun framlags til Afrekssjóðs ÍSÍ.

☒ Stofnun launasjóðs afreksíþróttafólks og þjálfara til að styðja viðafreksíþróttafólkið og tryggja þeim vinnumarkaðstengd réttindi.

☒ Aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar til að lágmarka kostnaðarpáttöku iðkenda í landsliðsstarfi. Háar greiðslur foreldra vegna þátttöku barna og unglunga í landsliðsverkefnum eru til þess fallnar mismuna einstaklingum eftir fjárhag foreldra.

☒ Aukið fjármagn til ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.

☒ Hækkun fjárframlags til reksturs sérsambanda.

☒ Hvatakerfi sem hefur það að markmiðið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.

☒ Efling samvinnu og tengsla Afreksmiðstöðvar við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélögunum, auk foreldrafræðslu.

☒ Aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi unglunga úr íþróttum.

Mikil vinna hefur verið lögð í að kynna tillögur starfshópsins fyrir öllum þingflokkum og að störfum er þverpólitísk þingmannanefnd sem unnið hefur að málinu.

Gríðarlega mikilvægt er að halda takti í þessari vinnu svo hægt verði að ná þeim árangri sem stefnt hefur verið að enda hefur mikil orka og tími farið í undirbúning þess og úrvinnslu.

Krafa er gerð um að íþróttahreyfingin fái þann stuðning sem rætt hefur verið um til að hægt verði að tryggja faglegt og gott afreksíþróttastarf í landinu. Til þess þarf stóraukið fjármagn til málaflokksins eins og kynnt hefur verið.

Það væri mikill skaði fyrir hreyfinguna ef tímabundið ástand á Alþingi leiddi til þess að þessi áform verði að engu.

Vert er að minna á að í núverandi stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði með félagasamtökum að því að efla umgjörð um afrekssstarf íþróttafólks. Þá kemur fram í fjármálaáætlun 2025 -2029 að meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.

Vírðingarfyllst,

Valerie Maier

Formaður Þrjúautarsambandsins

Sent from [Outlook for iOS](#)